

Tæknibikar Pauls Jóhannssonar: Hjalti Böðvarsson í 7. bekk Breiðagerðisskóla hlýtur viðurkenningu fyrir framúrskarandi tæknilega útfærslu, með hugmynd sína **Mini píanó**.

Lýsing hugmynda: Leisergeisla píanó. Geisli fellur á borð og nemur hreyfingar frá puttunum og spilar svo þann tón sem „ýtt er á“.

Kennari hans er Birgir Mikaelsson.

Hver er hugmyndin (og hvernig virkar hún)?

„Þú hefur eflaust séð margar útfærslur af þessari hugmynd en þessi er öðruvísi. Leisergeisla píanó. Ekki með einni áttund, ekki tveimur heldur 85 nótum. Hvar sem er getur þú tekið kubbinn upp, lengt hann, kveikt á tækinu og byrjað að spila. Það verður ekki einfaldara. Hægt er að taka upp það sem maður spilar og hlaða því niður á næsta raftæki þegar heim er komið. Geislinn fellur á borðið og nemur hreyfingar frá puttunum og spilar svo þann tón sem ýtt er á. Geislinn getur breytt um lit og hægt er að hafa hann rauðan, bláan, grænan, appelsínugulan, gulan og hvítan. Allir litirnir eru neon og auðvelt er að sjá þá í myrkri. Hefur þú einhvern tímann misst úr æfingu á píanóið af því að þú fórst til útlanda, í ferðalag, í sumarbústaðinn eða bara til ömmu og afa hinum megin í bænum og þurftir því að skilja píanóið eftir. MiniPiano leysir þann vanda. MiniPiano gerir þér kleift að æfa þig og spila á píanóið hvar sem þú ert í heiminum. Engin nettenging, enginn sími, ekki neitt bara lítill kubbur sem þú getur hent í bakpokann á hraðleið út. Þú getur notið þess að fara á fallega staði með þennan kubb og t.d. samið lag. MiniPiano gerir þér lífið léttara í heimi tónlistarinnar. Þér veitir ekki af.“

Hvaða vandamál leysir hugmyndin?

Hefur þú einhvern tímann misst úr æfingu á píanóið af því að þú fórst til útlanda, í ferðalag, í sumarbústaðinn eða bara til ömmu og afa hinum megin í bænum og þurftir því að skilja píanóið eftir. MiniPiano leysir þann vanda. MiniPiano gerir þér kleift að æfa þig og spila á píanóið hvar sem þú ert í heiminum. Engin nettenging, enginn sími, ekki neitt bara lítill kubbur sem þú getur hent í bakpokann á hraðleið út. Þú getur notið þess að fara á fallega staði með þennan kubb og t.d. samið lag. MiniPiano gerir þér lífið léttara í heimi tónlistarinnar. Þér veitir ekki af.“

